



## Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla

Sendandi: Fræðslunefnd Borgarbyggðar  
Dags: 21.01.2008  
pskj. 321 - 287. mál; Frumvarp til laga um leikskóla

Fræðslunefnd Borgarbyggðar hefur kynnt sér frumvarp til laga um leikskóla.

### Almennt

Fræðslunefnd Borgarbyggðar telur að lagatextinn sé í meginatriðum skýr. Þó bendir fræðslunefnd á að í sumum tilvikum eru einstaka greinar lagafrumvarpsins óþarflega ítarlegar. Má þar nefna upptalningu í 2. gr. um markmið með rekstri leikskóla.

Fræðslunefnd vekur athygli löggjafans á að sveitarfélög hafa í vaxandi mæli tekið á sig kostnað við rekstur leikskóla. Því er umhugsunarefni hvort ekki sé þörf á endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga vegna þessa vaxandi verkefnis.


Fræðslunefnd telur að ný leikskólalög séu í meginatriðum til þess fallin að treysta starf við leikaskólastigið. Nýmæli í lögnum sem er mjög til bóta er að skerpt er á stoðþjónustu við leikskólabörn.

### Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins


#### 23.gr.

Fræðslunefnd og leikskólastjórar Borgarbyggðar telja rétt að kveðið sé á um það í lögum að sérfræðingar í skólamálu hafi sérþekkingu á málafnum leikskólans. Lögð er til eftirfarandi breyting á 1.mgr.: „Á vegum sveitarfélaga skulu starfa sérfræðingar í leikskólamálu er veita leikskólum ráðgjöf og stuðning við nýbreytni og skólaþróun.“

Virðingarfyllt,

  
Finnbogi Rögnvaldsson, formaður

  
Ásbjörn Pálsson

  
Finnbogi Leifsson

  
Rósa Marinósdóttir

  
Guðrún Elfa Hauksdóttir

  
Karvel Karvelsson

  
Þór Þorsteinsson